

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár nr. 1170/2012 með síðari breytingum.

1. gr.

Hvarvetna þar sem heitið „Lottó 5/40“ kemur fyrir í reglugerðinni kemur: Lottó 5/42.

2. gr.

Hvarvetna þar sem „1-40“ kemur fyrir í reglugerðinni kemur: 1-42.

3. gr.

Í stað „kr. 130“ í 1. másl. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur: kr. 150.

4. gr.

Í stað orðanna „með 40 kúlum“ í 4. másl. 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar kemur: með 42 kúlum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „57%“ í 1. og 2. másl. a-liðar kemur: 54,5%.
- b. Í stað 14,5% í c-lið kemur: 13,0%.
- c. Við bætist nýr stafliður sem verður d-liður og orðast svo:
5,0% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu.
- d. d-liður, sem verður e-liður, orðast svo:
17,0% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar.
- e. e-liður, sem verður f-liður, orðast svo:
8,0% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu.

6. gr.

1. tölul. 13. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

1. *Lottó 5/42:*

Fimm réttar aðaltölur	1:850.668
Fjórar réttar aðaltölur og bónustala	1:170.134
Fjórar réttar aðaltölur	1:4.598
Þrjár réttar aðaltölur og bónustala	1:2.363
Þrjár réttar aðaltölur	1:128
Tvær réttar aðaltölur og bónustala	1:135

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26/1986, öðlast gildi 26. júní 2022.